



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 31. mars, 2009

Ákvörðun nr. 10/2009

## **Yfirtaka Nýja Kaupþings banka hf. á hluta Pennans ehf.**

Þann 20. mars barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna Nýja Kaupþings banka hf. (hér eftir Nýja Kaupþing) og hluta Pennans ehf. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Nýja Kaupþing er fjármálafyrirtæki og starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Yfirtaka Nýja Kaupþings á eignum Pennans nær til þeirra verslana sem reknar eru undir merkjum Pennans, Eymundsson, Máls og menningar og Griffils. Starfsemi hinna yfirteknu eigna felst í rekstri verslana með bækur, ritföng og skrifstofuvörur.

Í samrunaskránni kemur fram að [Nýja Kaupþing hafi gengið að veðsettum hlutabréfum í Pennanum ehf. og muni í kjölfarið verða eini eigandi félagsins. Stefnir Nýja Kaupþing að því að færa þær eignir sem hér er fjallað um í sérstakt félag og reka áfram. Aðrar eignir Pennans munu koma til skipta í væntanlegum gjaldþrotaskiptum.]<sup>1</sup>

Á undanförnum árum hefur Samkeppniseftirlitið rannsakað nokkra samruna á þeim mörkuðum sem mál þetta varðar. Má þar nefna mál nr. 12/2008 *Samruni Pennans ehf. og Islandia og Viking Craft hf.* og mál nr. 11/2008 *Samruni Pennans ehf. og Smára ehf.* Einnig má nefna mál nr. 47/2006, *Samruni Pennans hf. og Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson hf. annars vegar og samruni Pennans hf. og Bókaverslunar Jónasar Tómassonar ehf. hins vegar.* Þá er rétt að nefna mál nr. 46/2006 *Kaup DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf.* sem varðaði Pennann, en í því máli var gerð sátt í kjölfar þess að Samkeppniseftirlitið tilkynnti aðilum að stofnunin teldi tilefni til íhlutunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Skilyrðin fólu það m.a. í sér að DM ehf. skyldi rekið óháð Pennanum og Penninn ekki njóta sérkjara í viðskiptum við DM ehf.

Ljóst er að í eldri málum hefur Penninn talinn hafa háa markaðshlutdeild og sterka stöðu í sölu á m.a. bókum og tímaritum. Þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika eigenda fyrirtækisins fæst ekki séð að þessi markaðslega staða Pennans hafi aðalatriðum breyst.

Í máli þessu er um það að ræða að af hálfu Nýja Kaupþings fela viðskipti þessi í sér ráðstöfun sem lýtur að fullnustu skulda, en tilgangur bankans er ekki sá að eiga og reka

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar



fyrirtækið til langframa. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að Samkeppniseftirlitið hefur beint álit nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, til íslensku bankanna, sem lýtur að því með hvaða hætti æskilegt er að bankarnir haldi á málum sem þessu.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Í máli þessu liggur fyrir að samrunaaðilar eru ekki keppinautar á markaði. Þá er ekki um að ræða lóðrétt tengsl eða samsteypuáhrif sem raskað geta samkeppni. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins og í ljósi þeirra aðstæðna sem nú blasa við í íslensku atvinnulífi er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Nýja Kaupþings banka og hluta Pennans ehf.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Yfirtaka Nýja Kaupþings banka hf. á eignum tengdum Pennanum ehf. telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson